



Bæjarhátíðin Kátir dagar á Þórshöfn í Langanesbyggð

Bæjarhátíðin Kátir dagar verður haldin dagana 15.-19. júlí næstkomandi á Þórshöfn í Langanesbyggð. Ákvörðunin um nafnbreytingu hátíðarinnar var tekin á síðasta aðalfundi félagsins, sem þó ber enn nafn Bryggjudaga.

Markmið hátíðarinnar er sem áður að höfða til allra aldurshópa með fjölbreyttum viðburðum og með því *auðga menningarlíf* og *efla samheldni í samfélaginu*. Skipulags- og hugmyndavinna hefur staðið yfir frá síðasta aðalfundi félagsins og er dagskrá hátíðarinnar óðum farin að taka a sig mynd.

Stjórn félagsins fer með umsjón þeirra fjármuna sem standa straum af kostnaði við hátíðina en félagið er nánast einungis rekið á styrkjum frá velunnurum í samfélaginu, utan tilfallandi ágóða af einstaka viðburðum. Fjárhagsleg markmið félagsins eru fyrst og fremst að geta staðið undir hverri hátíð fyrir sig og að eiga innistæðu til að undirbúa þá næstu. Samkvæmt samþykktum félagsins má verja ágóða, ef einhver er, til samfélagsverkefna og er ákvörðun um slíkt tekin á aðalfundi félagsins ár hvert.

Hefð hefur verið fyrir því að fyrirtæki styðji við hátíðina með fjárframlagi. Því leitar stjórn félagsins eftir stuðningi og óskar eftir fjárframlagi til hátíðarinnar í ár. Ákveði þitt fyrirtæki að leggja hátíðinni lið óskum við jafnframt eftir logo-i til að nota í kynningarefni hátíðarinnar.

Styrkir leggist inn á bók í eigu

Bryggjudagar á Þórshöfn í Langanesbyggð

Kt. **680519-0480**



Reikningur: **0192-05-200001**

Kvittun: bryggjudagar@gmail.com

Pökkum veittan stuðning

Stjórn Bryggjudaga á Þórshöfn í Langanesbyggð og starfsmaður stjórnar

Birta Rún Ásgeirsdóttir, formaður

Arnar Freyr Warén, meðstjórnandi

Jódís Ósk Jósndóttir, meðstjórnandi

Jóhanna Ósk Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

Sigurbjörn V. Friðgeirsson, starfsmaður stjórnar